

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um frestun launahækkana kjörinna fulltrúa 2023 og endurskoðun launaupbyggingarinnar

Lagt er til að launahækkunum borgarfulltrúa og fyrstu varaborgarfulltrúa verði frestað á þessu ári. Í ljósi hárrar verðbólgu og óvissu í efnahagslífinu á borgarstjórn að leiða með góðu fordæmi og hafna hækkunum ofan á laun sem eru gríðarlega há. Borgarfulltrúar þurfa ekki þessar hækkanir og ljóst er að núverandi launastefna hefur ekki vakið neina sátt í samfélaginu. Mörgum íbúum finnst laun borgarfulltrúa alltof há og það að launin hækki tvisvar á ári ofan á það er óverjandi. Fara þarf í endurskoðun á launaupbyggingu kjörinna fulltrúa í Reykjavík og skoða annað fyrirkomulag. Til þess verði skipaður stýrihópur kjörinna fulltrúa úr öllum flokkum borgarstjórnar og leitað til aðila vinnumarkaðarins, þ.e.a.s heildarsamtaka launafólks og verkalýðsfélaga til þess að gefa starfshópnum ráð. Settar verði fram tillögur að samfélagssátt um laun borgarfulltrúa, til að bæði auka traust íbúa til borgarstjórnar og spara fé í stjórnkerfinu. Þessi vinna feli einnig í sér að sett verði fram viðmið um hvað teljist eðlilegt launabil á milli hæstu og lægstu launa hjá Reykjavíkurborg og fyrirtækja í eigu hennar. Lagt er til að starfsmaður frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu haldi utan um stýrihópinn og að niðurstöður liggji fyrir eigi síðar en 1. október 2023.

Greinargerð

Laun borgarfulltrúa eru of há þar sem miðað er við greiðslur ofan á grunnlaun upp á 963.647 kr. Miða ætti við að launagreiðslur kjörinna fulltrúa dugi til framfærslu, en að sama skapi mega þau ekki vera svo há að þau dragi úr tengslum borgarfulltrúa við lífskjör almennings. Til þess að stuðla að samfélagssátt um laun borgarfulltrúa er mikilvægt að fundin verði leið sem vekir sátt meðal borgarbúa.

Mikil umræða skapaðist vegna fyrirhugaðra launahækkana alþingismanna fyrir skömmu síðan. Fór það svo að ákveðið var að draga úr hækkunum og færa þær niður í 2,5% til þess að bregðast við ákalli almennings. Mikilvægt er að borgarstjórn sýni ábyrgð og gangi enn lengra, stuðli að samfélagssáttmála í Reykjavík um launakjör borgarfulltrúa. Einnig að upphæð launa verði unnin í heildarsamhengi við önnur laun innan borgarinnar og unnið að því að setja fram viðmið um hvað teljist eðlilegt bil á milli hæstu og lægstu launa.

Grunnlaun borgarfulltrúa og fyrstu varaborgarfulltrúa miða við þróun launavísitölu frá marsmánuði 2013 og uppfærast í janúar og júlí ár hvert. Í ljósi efnahagsstöðunnar er lagt er til að launin taki ekki hækkunum árið 2023.

Til þess að hagræða í rekstri borgarinnar og draga úr óréttlætinu sem felst í ofurlaunum borgarfulltrúa leggja Sósíalistar til að þau verði fryst árið 2023. Borgarfulltrúar þurfa ekki þessa hækkun. Fénu er betur varið í þeim málaflokkum sem borgin verður að sinna. Með þessu sýna borgarfulltrúar ábyrgð í verki. Grunnlaun borgarfulltrúa hafa hækkað um 150.000 krónur á síðustu tveimur og hálfu ári og eru nú 963.647 krónur. Ofan á þau leggjast oft sérstakar álagsgreiðslur sem nema hundruðum þúsunda. Enginn borgarfulltrúi er þ.a.l. með laun undir 1.204.559 krónum á mánuði. Þessi þróun er langt frá því að vera eðlileg. Launafólk leyfir sér ekki að dreyma um slíkar hækkanir, hvað þá fá þær á svo skömmum tíma. Ef það er þörf á niðurskurði í borginni verður að byrja á að klippa af toppnum, ekki grunnþjónustu.